

Nd.

318. Frumvarp til laga

[131. mál]

um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

I. KAFLI

1. gr.

Innflutningur á vörum til landsins skal vera frjáls, nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum eða í reglugerð, sem ríkisstjórninni er heimilt að gefa út samkvæmt þessum lögum, að höfðu samráði við Landsbanka Íslands, Seðlabankann. Sama máli gegnir um gjaldeyrisgreiðslur til útlanda.

Ríkisstjórnin hefur heimild til að setja skilyrði um innflutning og gjaldeyrisölu, sem nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum.

2. gr.

Úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa fyrir vörum og gjaldeyrisgreiðslum annast þeir viðskiptabankar, sem hafa með höndum kaup og sölu á erlendum gjaldeyri, samkvæmt reglum, sem ríkisstjórnin setur. Skulu bankarnir gefa ríkisstjórninni skýrslur um þessa úthlutun, eftir því sem hún ákveður. Ríkisstjórninni er heimilt að taka í sínar hendur eða fela sérstökum trúnaðarmönnum úthlutun tiltekinna leyfa.

3. gr.

Óheimilt er að tollafgreiða vörur, sem samkvæmt 1. gr. eru háðar leyfisveitingum, nema gegn innflutningsleyfi.

Bankarnir mega ekki láta gjaldeyri fyrir vörur eða til að inna af höndum aðrar greiðslur, sem háðar eru leyfisveitingum eftir reglugerð settri samkvæmt 1. gr. þessara laga, nema leyfi sé fyrir hendi.

4. gr.

Allur erlendur gjaldeyri, sem hérlendir aðilar eiga eða eignast fyrir vörur, þjónustu eða á annan hátt, skal seldur Landsbanka Íslands, Seðlabankanum, eða

öðrum bönkum, sem hafa heimild til að verzla með erlendan gjaldeyri, án óeðlilegs dráttar, samkvæmt nánari reglum, sem settar verða með reglugerð. Þó geta þeir aðilar, sem um getur í 2. gr., veitt undanþágu frá þessari reglu.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð takmarkanir á útflutning og innflutning íslenskra peningaseðla, skiptimyntar, skuldabréfa og hvers konar skuldbindinga, sem hljóða um greiðslu í íslenskum gjaldeyri. Sama máli gildir um erlenda seðla og skiptimynt.

6. gr.

Landsbanki Íslands, Seðlabankinn, skal fylgjast með því, að erlendum gjaldeyri sé skilað til gjaldeyrisbankanna og að erlendir gjaldreyrir, sem bankarnir selja, sé notaður eins og til var ætlað. Einnig ber honum að fylgjast með þeim gjaldeyrisviðskiptum, sem heimiluð eru án milligöngu fyrrnefndra banka.

Hlutaðeigandi aðilum er skylt að gera Seðlabankanum fullnægjandi grein fyrir gjaldeyrisviðskiptum sínum og veita honum nauðsynlegar upplýsingar í því sambandi.

7. gr.

Ekki mega opinberir aðilar né einkaaðilar semja um lán erlendis til lengri tíma en eins árs, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Til lána telst í þessu sambandi einnig hvers konar greiðslufrestur á vörum og þjónustu til lengri tíma en eins árs. Erlend lán til skemmri tíma en eins árs, þar með talinn hvers konar greiðslufrestur á vörum og þjónustu, skulu háð reglum, sem ríkisstjórnin setur.

II. KAFLI

8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að vörur megi ekki bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi, nema að fengnu leyfi hennar.

Samráð skal hafa við Landsbanka Íslands, Seðlabankann, um veitingu leyfa til útflutnings, er greiðist í jafnkeypisgjaldreyri, ef sá útflutningur er umfram þær upphæðir, sem gildandi viðskiptasamningar við hlutaðeigandi jafnkeypislönd gera ráð fyrir.

Útflutningsleyfi getur ríkisstjórnin bundið skilyrðum, sem nauðsynleg þykja, þar á meðal um verðjöfnun innbyrðis við sölu vöru sömu tegundar og gæða á aðgreindum mörkuðum, og að hver framleiðandi skuli bera fjárhagslega ábyrgð á vöru sinni vegna galla.

Útflytjendur eru skyldir að veita ríkisstjórninni þær upplýsingar, sem hún óskar, um allt, er varðar sölu og útflutning vara, sem seljast eiga til útlanda.

III. KAFLI

9. gr.

Framkvæmdabanki Íslands skal semja áætlun um þjóðartekjurnar, myndun þeirra, skiptingu og notkun. Þá skal bankinn semja skýrslur um fjárfestingu í landinu og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um fjárfestingarmál. Hlutaðeigandi aðilum skal skylt að veita Framkvæmdabanka Íslands allar upplýsingar, sem hann þarfnast í þessu sambandi.

Byggingarnefndir og oddvitar skulu senda Framkvæmdabanka Íslands eða öðrum aðila, sem ríkisstjórnin ákveður, skýrslu um þær byggingarframkvæmdir í umdæmi þeirra, sem kosta samtals a. m. k. 75000 kr. Heimilt er að ákveða, að þessar skýrslur nái einnig til umsókna um byggingarleyfi og veittra byggingarleyfa.

IV. KAFLI

10. gr.

Innheimta má af gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfum allt að 1% leyfisgjald af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um. Af gjaldi þessu skal allt að helmingur, eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, ganga til bankanna til að standa straum af kostnaði við úthlutun leyfa, en að öðru leyti skal því varið til greiðslu á kostnaði við verðlagseftirlitið.

11. gr.

Þeim, sem annast framkvæmd þessara laga, er bannað, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara.

12. gr.

Hver sá, sem vanrækir að láta í té nauðsynlegar skýrslur í sambandi við framkvæmd þessara laga, skal sæta 50—500 króna dagsektum. Sá, sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum 15. kafla almennra hegningarlaga. Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 500 þús. krónum. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað, má dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að 4 árum, og svipta má hann atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Uptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

13. gr.

Ríkisstjórnin setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem reglugerð sú, sem um getur í 1. gr., er gefin út. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 42 5. apríl 1948, um útflutning og innflutning á íslenskum og erlendum gjaldeyri, lög nr. 33 8. marz 1951, um úthlutun jeppabifreiða og heimilisdráttarvéla, lög nr. 88 24. des. 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., lög nr. 20 13. apríl 1957, um sölu og útflutning sjávarafurða o. fl. og 4. gr. laga nr. 105 21. des. 1945, um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka samkvæmt tillögu Bretton Woods fundarins og um lántöku í því skyni.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjaldeyris- og innflutningsleyfi, svo og útflutningsleyfi, sem í gildi eru, þegar lög þessi taka gildi, skulu haldast. Þó skal heimilt að ákveða, að þau skuli afhendast til skrásetningar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í athugasemdum þeim, sem fylgdu frumvarpi til laga um efnahagsmál, var gerð grein fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar í gjaldeyris- og innflutningsmálum. Var þar lýst þeim göllum, sem fylgja svo viðtækum gjaldeyris- og innflutningshöftum sem Íslendingar hafa nú búið við lengur en nokkur önnur þjóð í Vestur-Evrópu. Enn fremur var gerð grein fyrir því breytta viðhorfi í þessum efnum, sem hin nýja gengisskráning og yfirdráttarheimildir Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Evrópusjóðnum skapa. Var talið, að við þessar nýju aðstæður mundi ekki þurfa að halda uppi innflutningshöftum, nema að því leyti, sem hin þýðingarmiklu viðskipti Íslands við jafnkeypslöndin í Austur-Evrópu gera slíkt óhjákvæmilegt.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, eru ákvæði um þær breytingar á gjaldeyris- og innflutningsmálum, sem nauðsynlegar eru til þess að framkvæma þá stefnu ríkisstjórnarinnar, sem að framan er lýst. Aðalbreytingin frá því fyrirkomulagi, sem ríkt hefur til þessa, er sú, að innflutningur verður frjáls á öllum vörutegundum, sem eru ekki að miklu leyti fluttar inn frá jafnkeypislöndum. Innflutningur þeirra vöru, sem að miklu leyti er flutt inn frá þessum löndum, verður háður leyfum. Hann verður þó ekki takmarkaður frá jafnkeypislöndunum, þar eð leyfi til innflutnings frá þeim verða gefin út, eins og óskað verður eftir. Raunveruleg takmörkun innflutnings með innflutningsleyfum mun því aðeins eiga sér stað, að því er snertir innflutning fyrir frjálsan gjaldeyri á þeim vörum, sem annars eru að mestu leyti fluttar inn frá jafnkeypislöndum, en ekki er að öllu leyti hægt að fá þaðan. Þessi innflutningur mun hins vegar ekki nema meiru en 10—15% af heildarinnflutningi til landsins. Að því er snertir gjaldeyrisgreiðslur fyrir annað en innflutning, munu þær enn um sinn verða háðar leyfum að verulegu leyti. Ætlunin er hins vegar að setja um þær leyfisveitingar fastar reglur.

Þessi breyting gerir það að verkum, að hægt er að koma úthlutun leyfa fyrir á einfaldari og ódýrari hátt en verið hefur. Er í þessu frumvarpi lagt til, að úthlutunin verði falin þeim viðskiptabönkum, sem hafa með höndum kaup og sölu á erlendum gjaldeyri, samkvæmt reglum, sem ríkisstjórnin setur.

Þá er það nýmæli í sambandi við gjaldeyris málin, að gert er ráð fyrir, að ekki megi semja um erlend lán til lengri tíma en eins árs nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Áður hefur þetta ákvæði aðeins gilt um opinbera aðila. Nauðsynlegt er, að ríkisstjórnin hafi fullt vald yfir því, hvaða skuldbindingar eru gerðar um gjaldeyrisgreiðslur fram í tímann. Gert er ráð fyrir, að reglur um lán til skemmri tíma en eins árs, en þar er fyrst og fremst um að ræða gjaldfrest til vörukaupa, verði settar í hinni almennu reglugerð um gjaldeyris- og innflutningsmál.

Auk gjaldeyris- og innflutningsmálanna fjallar þetta frumvarp einnig um veigamiklar breytingar á stjórn útlutnings- og fjárfestingarmála. Lagt er til, að Útlutningsnefnd sjávarafurða, sem stofnuð var 1957, verði lögð niður. Telur ríkisstjórnin fengna reynslu benda til þess, að heppilegast sé, að ráðuneyti fari með þessi störf undir stjórn hlutaðeigandi ráðherra, eins og tíðkaðist áður en útlutningsnefndin var stofnuð. Þá er gert ráð fyrir, að fjárfestingarhömlur þær, sem gilt hafa síðan 1947, verði afnumdar. Hins vegar verður skýrslusöfnun um fjárfestingu framvegis ekki aðeins látin ná til framkvæmda, sem hafnar eru, heldur einnig til fyrirhugaðra framkvæmda. Ríkisstjórninni verður þanig sköpuð aðstaða til þess að fylgjast nákvæmlega með fjárfestingarfyrirætlunum og fjárfestingarframkvæmdum.

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin ákveði með reglugerð, að hve miklu leyti innflutningur og aðrar gjaldeyrisgreiðslur skuli háðar leyfum. Rétt þykir, að samráð sé haft við Seðlabankann, áður en sú reglugerð er gefin út, vegna þess sérstaka hlutverks, sem hann hefur í gjaldeyris málum. Kveðið er á um þetta hlutverk í lögum um Landsbanka Íslands frá 1957, og gerir þetta frumvarp ekki ráð fyrir breytingum í því efni.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir, að úthlutun leyfa sé falin þeim viðskiptabönkum, sem hafa með höndum kaup og sölu á erlendum gjaldeyri, samkvæmt reglum, sem ríkisstjórnin setur. Þó er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin geti falið sérstökum trúnaðarmönnum sínum úthlutun tiltekinna leyfa. Myndi þessi heimild fyrst og fremst verða notuð við úthlutun leyfa fyrir innflutningi á bílum. Vegna þess að innflutningur heimilisdráttarvéla verður nú frjáls, og ríkisstjórnin fær heimild til að fela sérstökum trúnaðarmönnum úthlutun tiltekinna leyfa, verða lög um úthlutun jeppabifreiða og heimilisdráttarvéla óþörf, og er gert ráð fyrir, að þau verði numin úr gildi.

Um 3. gr.

Þessi grein er samhljóða gildandi ákvæðum og þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Þessi grein er í samræmi við gildandi ákvæði, nema hvað tekið er tillit til breytinga, sem leiða af Landsbankalögum frá 1957 og ákvæðum 2. gr. þessa frumvarps.

Um 5. gr.

Þessi grein gefur ríkisstjórninni heimild til þess að setja með reglugerð takmarkanir á útflutning og innflutning íslenskra og erlendra peningaseðla og skiptimyntar og hvers konar skuldbindinga um greiðslu í íslenskum gjaldeyri. Þessi heimild kemur í stað laga nr. 42 5. apríl 1948, um útflutning á íslenskum og erlendum gjaldeyri, sem að miklu leyti eru orðin úrelt, og lagt er til að verði nú felld niður.

Um 6. gr.

Þessi grein, sem fjallar um gjaldeyriseftirlit Seðlabankans, er að mestu samhljóða gildandi lagaákvæðum.

Um 7. gr.

Þessi grein kveður á um það, að ekki megi semja um erlend lán til lengri tíma en eins árs nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Tekur þetta einnig til greiðslufrests á vörum og þjónustu. Samkvæmt núgildandi lögum eru það aðeins opinberir aðilar, sem slíkt samþykki þurfa að fá. Það ákvæði (4. gr. laga nr. 105 21. des. 1945, um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka o. s. frv.) myndi jafnframt falla niður.

Um 8. gr.

Hér eru greind þau ákvæði, sem ríkisstjórnin telur rétt að komi í stað laga nr. 20 13. apríl 1957, um sölu og útflutning sjávarafurða o. fl. Aðalbreytingin er fólgin í því, að gert er ráð fyrir, að Útflutningsnefnd sjávarafurða verði lögð niður, og er ætlun ríkisstjórnarinnar að fela ráðuneyti verkefni hennar undir stjórn hlutaðeigandi ráðherra, eins og tíðkaðist áður en útflutningsnefndin var stofnuð. Þá er gert ráð fyrir, að samráð sé haft við Seðlabankann um veitingu útflutningsleyfa í jafnkeypisgjaldreyri umfram þær upphæðir, sem viðskipasamningar gera ráð fyrir. Er þetta í samræmi við ríkjandi venjur og eðlilegt með tilliti til hlutverks Seðlabankans í gjaldeyrismálum.

Um 9. gr.

Hér eru tekin upp ákvæði gildandi laga um samningu áætlaða um þjóðar-tekjur og skýrslna um fjárfestingu, en þau verkefni eru falin Framkvæmdabanka Íslands. Enn fremur eru itrekuð ákvæði gildandi laga um skyldur byggingarnefnda og oddvita að gefa skýrslur um byggingarframkvæmdir í umdæmi þeirra. Er gert ráð fyrir, að þessar skýrslur verði nú að því leyti ítarlegri en áður, að þær nái ekki aðeins til framkvæmda, sem hafnar hafa verið, heldur einnig til umsókna um byggingarleyfi og veittra byggingarleyfa. Með þessu móti á að vera hægt að fylgjast nákvæmlega með fjárfestingarfyrirætlunum og fjárfestingarframkvæmdum.

Um 10. gr.

Innflutningsskrifstofan hefur innheimt 1% af leyfisfjárhæð, og hefur því gjaldi verið varið til þess að greiða kostnað af starfsemi skrifstofunnar og verðlagseftirlitsins.

Gert er ráð fyrir, að gjald verði enn greitt af leyfum, og megi það nema allt að 1% af leyfisfjárhæð. Skal allt að heimingi gjaldsins varið til að standa straum af kostnaði bankanna við úthlutun leyfa, en helmingi til að greiða kostnað af verðlagseftirlitinu.

Um 11., 12. og 13. gr.

Þessar greinar eru samhljóða gildandi lagaákvæðum, nema hvað viðurlög við brotum hækka.

Um 14. gr.

Gert er ráð fyrir, að lögin taki gildi þann dag, sem sú reglugerð, sem 1. gr. getur um, er gefin út. Á þeim degi mundi Innflutningsskrifstofan og Útflutningsnefnd sjávarafurða hætta störfum og hin nýja skipan koma til framkvæmda.